



Námsgrein: Samfélagsfræði**Tímabil: Skólaárið 2023 - 2024****Námsmarkmið****Að nemandi:**

- Skilji mikilvægi þess að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, fyrir mannréttindum, félagslegu réttlæti, jöfnuði og helgi mannlegs lífs.
- Rökræði mikilvæg hugtök sem notuð eru um menningar- og samfélagsmálefni.
- Greini mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum.
- Útskýri margbreytileika trúarbragða og lífsviðhorfa og greini áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa og samfélaga.
- Geti hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra.
- Geti útskýrt hvernig sjálfsmynd hans mótast af umhverfi, búsetu og fleiri þáttum.
- Rökestyðji gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats.
- Vegi og meti áhrif fyrirmynda og staðalmynda á mótun sjálfsmyndar.
- Lýsi margbreytileika tilfinninga og geti bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Geri sér grein fyrir jafngildi sínu og annarra manna.
- Geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum.
- Geti rökrætt gildi jafnréttis og mannréttinda á öllum sviðum samfélagsins og þekki almenn ákvæði um mannréttindi.
- Sinni velferð og hag samferðafólks síns.
- greint samhengi heimabyggðar við umhverfi, sögu, menningu og félagsstarf,

Námsþættir:

- Þemaverkefnið Mannréttindi og Undur
- Saga 20. aldar

Námsefni/kennslugögn:

Styrjaldir og kreppa. Vertu ósýnilegur - Flóttasaga Ishmaels, Undur, ýmislegt efni af neti s.s. myndbönd, greinar og fréttir.

Námsmat

Mat á verkefnabókum, vandvirkni, sköpun (umsögn), virkni og áhugi í tímum.
